

Tillaga
Afgreiðsla

A 1976/UHN
Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænt samstarf um að tryggja vindorku í Eystrasalti (A 1976/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að kortleggja vænlegustu staðsetningar hafvindorkuverkefna óháð landamærum
- að skapa tilfallandi kapaltengingar við hafvindorkuverkefni
- að tryggja eftirlit með skemmdarverkum á kaplatengingum við hafvindorkuverkefni
- að bjóða Eystrasaltsríkjum að taka þátt í að móta sameiginlega heildaráætlun um orkuframleiðslu og -flutninga í Eystrasalti

Forsendur og aðdragandi

Samkvæmt Marienborgaryfirlýsingunni¹ er fyrirhugað að orkuvinnsla með vindafli á hafi í Eystrasalti verði sjöfölduð.

Orkuvinnsla með vindafli stuðlar að grænum orkuskiptum og er þannig jákvætt skref í baráttunni gegn hnattrænni hlýnun og loftlagsbreytingum. Vindorka stuðlar um leið að orkuöryggi við þær aðstæður sem nú eru uppi að verðlagning jarðefnaeldsneytis er notuð sem valdataeki í því skyni að skaða samfélög okkar.

Eystrasalt hefur hernaðarlega þýðingu og horfast þarf í augu við að orkustefna og stefnumörkun á sviði öryggismála og matvæla eru nú nátengdir málaflokkar. Samstarf um orkuframleiðslu með vindafli á hafi úti í Eystrasalti getur ekki aðeins aukið sjálfstæði okkar í orkumálum, heldur einnig öryggi Evrópuríkjanna sem tilheyra þessu svæði. Endurnýjanleg orka, og þá einkum vindorka, er lykillinn að því að forðast orkuskort í þessum ríkjum.

Til að þessi öflugra uppbygginga vindorkuvera í Eystrasalti gangi sem greiðlegast fyrir sig þurfa norrænu ríkin og Eystrasaltsríkin að búa til heildaráætlun um orkuframleiðslu og -flutninga í Eystrasalti. Þess vegna gæti verið mikið gagn að sameiginlegri áætlun

¹ <https://www.kefm.dk/aktuelt/nyheder/2022/aug/oestersoeens-lande-styrker-samarbejde-om-mere-havvind-og-oeget-energisikkerhed->



Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um þróun vindorku á hafi og áhrif hennar bæði á viðkvæmt umhverfi Eystrasaltsins og aðra þætti á borð við varnarmál, samgöngur, fiskveiðar, öryggismál og vernd mikilvægra innviða.

Norðurlönd hafa ólíka reynslu af rekstri vindmyllugarða á hafi úti og úrlausnarefnum sem tengjast þeim rekstri. Þar sem við höfum sett okkur svo háleit markmið um orkuframleiðslu með vindafli á hafi ber okkur um leið skylda til að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum mannvirkja og rekstrar á vistkerfi Eystrasaltsins. Hætt er við að lífríki Eystrasalts – sjávarumhverfið, fiskur, fuglar og spendýr – verði fyrir enn frekara álagi ef löndin samræma ekki markmið sín á þessu sviði.

Vísað er til verkefna sem tengjast umfjöllunarefni tillögunnar. Þar er um þessi verkefni að ræða:

- BaltHub – Interconnecting the Baltic Sea countries via offshore energy. Rannsóknarverkefni sem snerist um hagkvæmni þess að starfrækja svonefnd „energy hubs“ í Eystrasalti.
- Amber – Impacts of ambitions energy policy pathways. Rannsóknarverkefni sem snerist um líklega þróun orkuvinnslu í Eystrasaltsríkjunum til langs tíma litið.

Svipuð verkefni hafa einnig verið unnin á vegum annarra stofnana:

- Á vegum **BASREC – Baltic Sea Region Energy Cooperation** hefur verið unnið að eftirtöldum verkefnum:
 - Electricity grid expansion in the context of renewables
 - Analysis of conditions for wind power in the Baltic Sea Region
- **BEMIP - The Baltic Energy Market Interconnection Plan (BEMIP)**
- Rannsókn með heitinu „STUDY ON BALTIC OFFSHORE WIND ENERGY COOPERATION UNDER BEMIP“: https://www.ea-energianalyse.dk/wp-content/uploads/2020/02/1811_rap.pdf

Í skýrslunni „Accommodating biodiversity in Nordic offshore wind projects“ er bent á helstu hindranir sem yfirstíga þarf í tengslum við þá nýtingu vindorku sem fyrirhuguð er á Norðurlöndum. Þar er nefnt að lítið sé um rannsóknir á áhrifum framkvæmdanna á líffjölbreytni og vistkerfi, að ýmsir hagsmunir rekist á og að flóknar leiðir séu farnar til að leita álit hagsmunaaðila.

Í skýrslunni „Coexistence and nature-inclusive design in Nordic offshore wind farms“ kemur fram að helstu úrlausnarefni í tengslum við uppbyggingu vindorku séu deilur um landnýtingu, verklag við leyfisveitingar og náttúruvernd.



Umhverfisástand Eysterasalts er slæmt. Ástæðan er einkum losun næringarefna í landbúnaði og með fráveituvatni, en einnig fiskveiðar. Norðurlönd eru afar háð Eysterasalti, en einnig því að líffjölbreytni og vistkerfi Eysterasalts skerðist ekki.

Náttúran er forsenda þess að við getum framleitt matvæli, tryggt framboð á hreinu drykkjarvatni og unnið gegn loftslagsbreytingum. World Economic Forum hefur áætlað að minnkandi líffjölbreytni sé einn þeirra þriggja þátta sem hagkerfi heimsins muni stafa mest hætta af næsta áratuginn. Hætta er talin á að minnkandi líffjölbreytni valdi samdrætti sem nemur allt að helmingi vergrar þjóðarframleiðslu í öllum ríkjum heims samanlagt. Í desember árið 2022 náðist alþjóðasamningur um líffjölbreytni sem hefur þau markmið að geyma að líffjölbreytni skerðist ekki frekar en orðið er, eyðing vistkerfa verði stöðvuð og náttúruleg svæði sem hafa spillst verði færð til fyrra horfs.

Góðar forsendur eru fyrir norrænu samstarfi um sjálfbæra umsýslu Eysterasalts, þar á meðal að orkuvinnslu með vindafli verði hagað með þeim hætti að gætt sé bæði að viðeigandi hagsmunum og þeirri nauðsyn að vernda og endurheimta líffjölbreytni og vistkerfi sjávarins.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin telur samstarf norrænu ríkjanna um hafvindorku í Eysterasalti einkar mikilvægt og lýsir ánægju með áform þeirra um aukið samstarf í orkumálum og uppbyggingu endurnýjanlegrar orku, en undir það fellur meðal annars sameiginlegt markmið um að sjöfalda uppsett vindafli á hafi fyrir árið 2030. Markmiðið er að uppsett vindafli í Eysterasalti verði orðið 19,6 GW árið 2030. Uppsett afl er nú 2,8 GW.

Í þessu tilliti hefur nefndin fengið vitneskju um að í nýjum samningi Dana og Þjóðverja sé kveðið á um að Þýskaland tengist Energiø Bornholm. Fyrirhugað er að orkuverin þar sjái allt að 4,5 milljónum danskra og þýskra heimila fyrir grænni raforku árið 2030. Auk þess hefur nýlega verið efnt til samstarfs milli stjórnvalda í Danmörku og Eysterasaltsríkjum um að miðla reynslu Dana af uppbyggingu á vindorku á hafi.

Nefndin lítur svo á að Eysterasalt hafi hernaðarlega þýðingu og horfast þarf í augu við að orkustefna og stefnumörkun á sviði öryggismála og matvæla eru nú nátengdir málaflokkar. Samstarf um orkuframleiðslu með vindafli á hafi úti í Eysterasalti getur ekki aðeins aukið sjálfstæði okkar í orkumálum, heldur einnig öryggi Evrópuríkjanna sem tilheyra þessu svæði.

Nefndin vísar til svars Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælum 29 og svars ríkisstjórnanna við tilmælum 28 um Norðurlönd sem leiðandi um vindorku á hafi, þar



sem þetta kemur fram m.a.: „Norrænu kerfisstjórnir hafa með sér náð samstarf, bæði um uppbyggingu og rekstur flutningskerfa og um raforkumarkaðinn. Að því er varðar uppbyggingu flutningskerfa má til dæmis nefna samnorrænu skýrsluna *Grid Development Perspective 2023*² sem kom út 25. október í fyrra. Í skýrslunni er að finna yfirlit um horfur í rekstri raforkukerfsins á Norðurlöndum og fjallað um ýmsar niðurstöður um það“.

Nefndin vísar til eftirfarandi orða í formennskuáætlun ráðherranefndarinnar (Svíþjóð fer með formennsku): „Þess er vænst að með því að finna leiðir til að ná fram samlegðaráhrifum muni á formennskutíma Svía verða stuðlað sjálfbærri, aukinni og samkeppnishæfri framleiðslu matvæla þar sem önnur sjónarmið verði einnig höfð að leiðarljósi, meðal annars þau sem varða orkuvinnslu á hafi úti, útgerð, fiskeldi og náttúruvernd“.

Nefndin vekur athygli á því að ýmsar skýrslur sem komið hafa út á vegum Norrænna orkurannsókna geta komið að gagni við kortlagningu á heppilegustu staðsetningu vindorkuverkefna á hafi og gerð heildaráætlunar um orkuframleiðslu og samgöngur í Eystrasalti. Meðal annars kemur fram í skýrslunni „Accommodating biodiversity in Nordic offshore wind projects“ að helstu vandkvæði sem við sé að glíma í tengslum við fyrirhugaða fjölgun vindorkuvera séu skortur á gögnum um áhrif slíkra framkvæmda á líffjölbreytni og vistkerfi, hagsmunaágreiningur og flókin tilhögun samráðs við haghafa. Nefndin tekur undir þá niðurstöðu skýrslunnar að Norðurlöndum væri hagur í að vinna saman að gerð þekkingargrunna um áhrifin á líffjölbreytni og hefja samstarf um endurheimt og eflingu vistkerfa. Auk þess væri Norðurlöndum hagur í að hefja samstarf um hafskipulag og kanna hvernig hægt væri að miðla reynslu af því að fá hagsmunaaðila að borðinu.

Í skýrslunni „Coexistence and nature-inclusive design in Nordic offshore wind farms“ kemur fram að helstu úrlausnarefni í tengslum við uppbyggingu vindorku séu deilur um landnýtingu, verklag við leyfisveitingar og náttúruvernd. Nefndin tekur undir þá niðurstöðu skýrslunnar að góð sambúð sé mikilvæg forsenda þess að leiðir finnist til að leysa bæði orkuvandann og vanda á sviði náttúruverndar, og þannig um leið að fullnægja bæði ákvæðum Parísarsamningsins og alþjóðasamnings um líffjölbreytni. Nefndin telur að í því tilliti beri ríkisstjórnir Norðurlanda höfuðábyrgð á að viðeigandi umgjörð sé mótuð um það starf.

Maríuhöfn, 17. september 2024

Tove Elise Madland (A)
Johan Andersson (S)
Nina Fellmann (sd)

Lene Westgaard-Halle (H)
Teitur Björn Einarsson (Sj.)
Mariane Paviasen (IA)

² https://www.svk.se/siteassets/om-oss/rapporter/2023/svk_ngpd2023.pdf



Åsa Karlsson (S)
Ola Elvestuen (V)
Emma Berginger (MP)
Krista Mikkonen (gröna)

Angelika Bengtsson (SD)
Staffan Eklöf (SD)
Himanshu Gulati (FrP)